


Alþingi
Erindi nr. P 143/415
komudagur 27.11.2013



Alþingi
nefndasvið
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akranesi 26.11.2013
Tilvísun: V201311068

Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um frumvarp til laga um náttúruvernd (brottfall laganna), 167 mál.


Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 25. nóvember 2013 þar sem óskað er eftir því við Landmælingar Íslands að stofnunin veiti umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd (brottfall laganna), 167 mál 2013.

Í því frumvarpi sem lagt er til að verði fellt úr gildi er Landmælingum Íslands ætlað mikilvægt hlutverk við öflun og miðlun upplýsinga um vegi og vegslóða og byggir eftirfarandi umsögn eingöngu á umfjöllun um það verkefni :

Í þeim lögum sem lagt er til að felld verði úr gildi er í 31. og 32. grein fjallað um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að hamla gegn akstri utan vega og koma skýrum skilaboðum til íslenskra og erlendra ferðamanna um vegi og slóða á Íslandi sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum. Um er að ræða mikilvægt verkefni sem tengist mjög mörgum, ekki síst þar sem gert er ráð fyrir verulegri fjölgun erlendra ferðamanna til Íslands á næstu árum sem margir aka um á bílaleigubílum.

Staðan á Íslandi varðandi kortlagningu og GPS mælinga vega og slóða er þannig að í umsjón Vegagerðarinnar eru um 13.000 km vega en til viðbótar eru líklega um 15.000-20.000 km af vegum og slóðum þar sem veghald er oft óljóst og stjórnsýsla við viðhald og stjórn umferðar flókin.

Í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, sveitarfélög landsins, Vegagerðina, Umhverfisstofnun, Landgræðsluna og fjölmarga aðra hafa Landmælingar Íslands unnið að því allt frá árinu 1999 að GPS mæla vegi og slóða hér á landi og meta og flokka ástand þeirra. Tilgangur þessa verkefnis hefur m.a. verið sá að leggja samfélaginu til heildstæða þekju um vegi og slóða á hálendi Íslands svo stjórnvöld geti ákveðið til framtíðar hvað leiðir eigi að vera opnar almennri umferð og hvaða leiðum skuli lokað. Afrakstur þessarar vinnu er GPS mæld vegapækja með samtals um 26.000 km sem er öllum aðgengileg án gjaldtöku á vefnum. Gögnin eru notuð víða í samfélaginu s.s. í leiðsögutækjum og á vefsíðum. Enn er eftir að GPS mæla ýmsa vegi og slóða s.s. á Vestfjörðum og víða á láglandi s.s. heimreiðar að sumarhúsum og veiðihúsum. Eins og staðan er núna er verkefnið í biðstöðu vegna þess að ekki er gert ráð fyrir fjárveitingum til þess á árinu 2014.



Þess skal einnig getið að sérstök nefnd umhverfis- og auðlindaráðherra hefur í samvinnu við viðeigandi stofnanir og sveitarfélög unnið að því að ákveða á grundvelli GPS vegagagna frá Vegagerðinni og Landmælingum Íslands hvaða vegir og slóðar eigi að vera opnir almennri umferð, hverjir eiga að vera fyrir takmarkaða umferð og hverjir eigi að vera lokaðir. Fram til þessa hefur áherslan í þessari vinnu verið á hálendi Íslands, en því verkefni er þó ekki lokið.

Landmælingar Íslands telja brýnt að framhald verði á vinnu við að mæla og meta ástand vega og slóða á Íslandi og meta hvaða vegir og slóða eiga að vera opnir almennri umferð þrátt fyrir að ný lög um náttúruvernd verði felld úr gildi. Slíkri vinnu er ekki síst ætlað að sporna við akstri utan vega og koma þannig í veg fyrir óafturkræf náttúruspjöll. Til þess að svo megi verða þarf að tryggja fé til verkefnisins og stuðla að samstarfi þeirra stjórnvalda sem að málinu koma.

Bestu kveðjur

Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands